



Borgarastrið og framtíð íslenskra kvikmynda

Kjarninn fór á kvikmyndahátíðina í Gautaborg þar sem sviðsljósinu var sérstaklega beint að Íslandi

KVIKMYNDIR

Ari Gunnar
Þorsteinsson

Hægt er að skipta fréttum um íslenska kvikmyndagerð í tvennt: Annaðhvort fjalla þær um niðurskurð í kvikmyndasjóði eða framgang íslenskra kvikmynda erlendis. Þessi grein fjallar um hvort tveggja.

Í Gautaborg býr aðeins rúm hálf milljón manns en þrátt fyrir það hefur hún orðið heimabær stærstu kvikmynda-hátíðar Norðurlandanna. Það er einmitt hversu lítil Gautaborg er sem gerir hátíðina svo sérstaka, því í lok janúar virðist hátíðin stjórna öllum bænum. Það eina sem maður verður var við er fólk á leið í bíó eða með nefið ofan í dagskrá hátíðarinnar.



Deildu með
umheiminum



Íslendingar kepptu um Drekann

Hátíðin hefur ávallt lagt áherslu á kvikmyndaframleiðslu Norðurlandanna og keppa norrænar kvikmyndir um aðalverðlaun hátíðarinnar: Drekann. Í ár var sviðsljósinu beint



Málmhaus

Kvikmynd Ragnars Bragasonar, með Þorbjörgu Helgu Þorgilsdóttur, hefur hlotið mikla athygli á kvikmynda-hátíðinni í Toronto.

sérstaklega að Íslandi. Bæði Hross í oss eftir Benedikt Erlingsson og Málmhaus eftir Ragnar Bragason kepptu um Drekann, en auk þess var boðið upp á sýningar á eldri íslenskum kvikmyndum, tónleika með Hjaltalín, umræður um kvikmyndagerð landsins og sérstakt „Íslandspartí“. Einnig var í fyrsta skipti veittur sérstakur norrænn heiðursdreki, úthlutað til norræns kvikmyndaleikstjóra sem þykir skara fram úr á sínu sviði. Fyrstur til þess að hljóta þessi verðlaun var enginn annar en Baltasar Kormákur. Meira að segja var Ari Eldjárn fenginn til þess að skemmta við verðlauna-

afhendingu hátíðarinnar. Það var því svolítið eins og Ísland hefði tekið yfir gervalla hátíðina, rétt eins og hátíðin tekur yfir gervalla borgina.

Það er því bersýnilegt að íslensk kvikmyndagerð er í mikilli útrás erlendis. Hross í oss kom til Gautaborgar eftir að hafa verið sýnd á fjórtán ólíkum kvikmyndahátíðum – og eftir að hafa meðal annars hlotið verðlaun á kvikmynda-hátíðinni í San Sebastian og í Tókýó. Málmhaus Ragnars

Bragasonar hlaut mikla athygli þegar hún var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Toronto og frá Gautaborg tóku við sýningar á kvikmynda-hátíðunum í Rotterdam og Santa Barbara. Miðað við hversu góðar þessar myndir eru og hversu eftir-sóttar þær eru á alþjóðlegum kvikmyndahátíðum

um heim allan er frekar leiðinlegt að ekki er hægt að ræða kvikmyndir og kvikmyndagerð á Íslandi á annan hátt en í tengslum við niðurskurð og áhrif hans á iðnaðinn. En það er kannski ekki skrítið að það verði aðalumræðuefnið þegar Kvikmyndasjóður var nýlega skorinn niður um fjörutíu prósent – í annað skipti á fjórum árum.

„Það að gera mynd fyrir 320.000 manna þjóð [er] svolítið eins og að sýna bíómynd í jólaboði.“

Menningarlegt borgarastríð

„Við stöndum í menningarlegu borgarastríði og baráttu um gildi. Það er kannski nokkuð sem kvikmyndagerðarmenn munu alltaf þurfa að gera,“ sagði Benedikt Erlingsson í umræðum um íslenska kvikmyndagerð sem fóru fram í Gautaborg og bætti við: „Það er líka Catch-22 í gangi fyrir leikstjóra sem gera sína fyrstu kvikmynd. Enginn vill gefa þér neitt af því að þú hefur ekki gert neitt.“

En það er ekki bara niðurskurður ríkisstjórnarinnar sem hefur haft áhrif á kvikmyndagerðina. Friðrik Þór Friðriksson benti á í sömu umræðum að miðaverð fyrir íslenskar kvikmyndir hefði farið lækkandi frá því að kvikmyndagerð hófst og dreifiaðilar kvikmyndanna tækju sífellt stærri og stærri hluta af því verði fyrir sjálfa sig. Kannski er það eðlileg þróun ef tekið er til greina að ný íslensk kvikmynd er ekki jafn sjaldsæður hlutur í dag og fyrir þrjátíu árum, en tæpast er hægt að færa rök fyrir því að lækkað miðaverð skili sér í aukinni miðasölu á íslenskar kvikmyndir.

Baltasar í Master Class

Auk þess að taka á móti heiðursdrekanum tók Baltasar þátt í Master Class, þar sem hann ræddi um feril sinn sem leikstjóri. Þegar Djúpið barst í tal var hann fljótur til þess að ræða það sem hann áleit vera helstu myndlíkingu myndarinnar: „Á Íslandi tölum við oft um landið sjálft sem skip – við köllum það Þjóðarskútuna – og segja má að sjóslysið sé hrunið sjálft, Þjóðarskútan að sökkva. Mér fannst við hafa tapað okkur sjálfum eftir hrunið, við vorum svolítið eins og hauslausar hænur að hlaupa um. Það sem ég man best eftir Vestmanneyjagosið var hversu stóískt fólkið var – og það var það sem við þurftum á þessum tíma. Að geta horft stóískt á vandamál okkar og reyna að leysa þau.“

Auðvelt er að halda áfram í myndlíkingaleik í verkum Baltasars. Auk Djúpsins hafa síðustu bandarísku myndir hans fjallað um menn í einhvers konar ómögulegri aðstöðu sem þurfa að gera allt sem þeir geta til þess að bjarga sér úr vandamálunum – hvort sem það er Dermot Mulroney



Smelltu til að horfa
á Master Class
Baltasars



í Inhale, Mark Wahlberg í Contraband eða Wahlberg og Washington í 2 Guns – sem er auðveldlega hægt er að sjá sem vísun í erfiðleika kvikmyndagerðarfólks á Íslandi við að fá verk sín framleidd. Það eina sem virðist leysa vandann í íslenskri kvikmyndaframleiðslu og í sagnaheimi Baltasars er stóísk ró til móts við erfiðleika.



Að sýna bíómynd í jólaboði

Íslenskar kvikmyndir eru sérstakar. Þær eru gerðar af litlum framleiðsluhópi fyrir lítinn áhorfendahóp, eins og Baltasar Kormákur sagði sjálfur í Master Class umræðunni er það að gera mynd fyrir 320.000 manna þjóð svolítið eins og að sýna bíómynd í jólaboði. Þetta gerir íslenskar kvikmyndir á vissan hátt exótískar, sama hvort þær eru sýndar í Bandaríkjunum, Asíu eða annars staðar

á Norðurlöndunum. En við megum ekki einblína á það sem er exótískt fyrir öðrum, eins og Benedikt Erlingsson sagði á hátíðinni: „Menning er í raun eitthvað sem við gerum fyrir hvort annað; til þess að skemmta og fræða hvort annað. Við gerum það fyrir okkur sjálf, ekki til þess að sýna einhverjum öðrum. Sú mynd sem við fáum heima er að ekkert sem við gerum skiptir máli nema það sé lofað erlendis.“

„Það sem við þurfum er ríkisstjórn með einhvers konar framtíðarsýn. Við getum ekki búið við það í hvert skipti sem ný ríkisstjórn kemur sé skorið niður í kvikmyndasjóði – svo bætt aðeins – og svo skorið niður aftur,“ sagði Baltasar. „Við höfum kannski meiri áhuga þegar Walter Mitty eða eitthvað kemur til landsins, en við getum verið að gera þessa mynd sjálf á sama skala með okkar fólki og átt allan pakkann. Okkur finnst svo gaman þegar einhver hrósar okkur og segir hversu fallett landið okkar er, en við getum verið að gera svona stóra hluti – í samvinnu við Hollywood og allt það – en

Tröllríður heimsbyggðinni
Hross í oss, kvikmynd Benedikts Erlingssonar, hefur gengið mjög vel á alþjóðlegum kvikmyndahátíðum.



Smelltu til að horfa á umræður með Benedikt Erlingssyni, Friðrik Þór Friðrikssyni og Þorbjörgu Helgu Þorgilsdóttur um íslenska kvikmyndagerð



Á sviðinu í Gautaborg

Hjaltalín tróð upp á tónleikum í tengslum við kvikmynda-hátíðina í Gautaborg á dögunum.

kvikmynda hugsaðra fyrir íslenskan jólaboðsáhorfendahóp. Hvorn möguleikann sem maður aðhyllist er greinilegt að engin þróun eða uppbygging mun fara fram án áframhaldandi styrks og aðhalds ríkisstjórnar sem sér möguleika og nýsköpunina sem felst í kvikmyndagerð, en ekki bara útgjöldin.

með okkar fólki. Við þurfum ekki bara að vera þakklát fyrir að fá að vera memm. Sjáum bara hvað Peter Jackson hefur gert fyrir Nýja-Sjáland. Þetta er ekkert útópískt ævintýri, þetta er bara alveg við dyrnar.“

Þetta vekur þá upp tvo ólíka möguleika fyrir framtíð íslenskra kvikmynda: Aukin og stærri framleiðsla í mögulegu samstarfi við Hollywood – eða áframhaldandi framleiðsla minni